

Sp.

668. Nefndarálit

um till. til þál. um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til vegamálastjóra til umsagnar. Er umsögn hans prentuð hér með sem fylgiskjal.

Samkvæmt lögunum um brúasjóð er ákveðið, að brúin á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum skuli vera fyrsta brúin, sem smíðuð verður fyrir fé brúasjóðs.

Um næstu áramót mun fé brúasjóðs nema einni milljón króna, en áætlað er, að Jökulsárbrúin muni kosta með núverandi verðlagi um eina milljón króna. Má því ætla, að hægt verði að smíða brúna án frekara fjárframlags en hún mun njóta úr brúasjóði.

Eins og fram kemur í bréfi vegamálastjóra, er tvímælalaus nauðsyn á, að þessi brú verði gerð sem allra fyrst. Hins vegar kunna að verða á því einhverjir erfiðleikar að fá gott efni og annað það, sem nauðsynlega þarf til brúargerðarinnar, á næsta ári.

Í tillögunni kemur það ekki nægilega ljóst fram, að brúna skuli smíða yfir Jökulsá hjá Grímsstöðum, sem þó mun hafa verið ætlun flutningsmanna. Þykir nefndinni rétt, að þetta komi greinilega fram.

Nefndin telur rétt að leggja áherzlu á það við ríkisstjórnina, að brúin verði smíðuð á næsta ári, ef þess verður nokkur kostur, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja á næsta ári smíði brúar yfir Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum, enda reynist kleift að fá nauðsynlegt efni og vinnuafli til framkvæmdanna.

2. Fyrirsögn till. verði:

Tillaga til þingsályktunar um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

Alþingi, 11. des. 1944.

Pétur Ottesen,
form.

Lúðvík Jósefsson,
frsm.

Helgi Jónasson,
fundaskrifari.

Þóroddur Guðmundsson.
Sig. Kristjánsson.

Jónas Jónsson.
Jóhann P. Jósefsson.

Þorst. Þorsteinsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 8. desember 1944.

Brúargerð á Jökulsá á Fjöllum.

Háttvirt fjárveitinganefnd hefur sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum, þskj. 500.

Brú þessi er áætluð sem hengibrú um 104 m löng og kostnaður talinn með núverandi verðlagi rösklega 1 millj. kr. Brúasjóður nemur nú kr. 667826.71. Viðbót í lok þessa árs má áætla um 350 þús. kr., og verður þá sjóðurinn upp úr næstu áramótum rúmlega 1 millj. kr., og er þannig fyrir hendi nægilega mikið fé til þess að byggja brú þessa.

Fullnaðaruppdrættir eru enn ekki gerðir, en ég býst þó við, að ekki mundi standa á þeim, að vísu með því að fela sérstökum verkfræðingi utan skrifstofunnar að gera þá og annan undirbúning.

Á næsta ári eru fyrirhugaðar óvenjumiklar brúargerðir, sérstaklega hin nýja brú á Ölfusá, og eins og ég hef áður tekið fram, tel ég mjög hæpið að hafa 2 stórbrýr í byggingu, sama sumarið. Það er jafnvel óframkvæmanlegt nema með því, að unnt yrði að ráða sérstakan verkfræðing til þess að standa fyrir verkinu, en það tel ég nokkuð hæpið. Þá er og mjög vafasamt, að brúarjárn og sérstaklega burðarstrengirnir fengjust í tæka tíð. Þar sem hengibrúin í Axarfirði er mjög veikbyggð og hæpin fyrir þungaflutning, tel ég samt þörf á, að Grímsstaðabrúin verði byggð hið fyrsta.

Ég tel þó ekki rétt að samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir, en ef breytt yrði orðalagi og efni hennar þannig, að í stað „á næsta ári“ kæmi: svo fljótt sem framkvæmanlegt þykir — eða svipað, þá hef ég ekki að athuga við, að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

Geir G. Zoëga.

Fjárveitinganefnd Alþingis.